

Nr. 13/1996. Föstudaginn 6. desember 1996.
Vinnuveitendasamband Íslands
f.h. Flugleiða hf.
 (Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)
 gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Flugvirkjafélags Íslands
 (Bjarki Diego hdl.)

Kjarasamningur. Vaktavinna. Matmálstímar. Gagnkrafa. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. nóvember sl., var höfðað með stefnu, áritaðri ódagsett um birtingu og þingfestri 30. október sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Flugleiða hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkurflogvelli, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16A, Reykjavík, fyrir hönd Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt ekki lengri en 30 mínútur.
2. Að viðurkennt verði að heimilt sé að taka upp kvöldvaktir í samræmi við ákvæði kafla 03. í kjarasamningi aðila.
3. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda Flugvirkjafélags Íslands.

Endanlegar dómkröfur stefnda:

1. Að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt 60 mínútur og að matartíminn teljist til vinnutíma.
2. Að stefnda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, en áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalflutning málsins, ef til hans kemur.

Hinn 11. nóvember sl. var kveðinn upp úrskurður þar sem frávis-unarkröfu stefnda var hafnað.

Málavextir.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að samkvæmt vaktavinnu-ákvæðum kafla 03. í kjarasamningi aðila séu vaktir þrens konar, tvískiptar eða þrískiptar svo og kvöldvakt. Kvöldvakt sé unnin á tímabilinu frá kl. 16:20 til kl. 24:00 mánudaga til föstudaga. Heimilt sé, ef vinnuveitandi samþykki, að taka tvisvar sinnum 10 mínútna kaffihlé á kvöldvaktinni, enda lengist vaktin sem því nemur. Hins vegar hafi ekki verið gert ráð fyrir matartíma á þeirri vakt gagnstætt því sem sé um tví- og þrískiptar vaktir, sbr. gr. 03.-7. Ákvæði þessi hafi verið lengi í kjarasamningi aðila. Kvöldvaktir hafi þó fyrst verið teknar upp á síðastliðnu sumri. Í tengslum við það hafi aðilar gert með sér sérstakt samkomulag þann 13. júní 1996 um nánari útfærslu á kvöldvöktum að því er varðar akstur til og frá Reykjavík, neysluhlé o.fl. Þar hafi Flugleiðir fallist á að matarhlé skuli vera 30 mínútur frá kl. 19:00 til 19:30. Á móti hafi komið að kaffihlé sé aðeins eitt. Vegna ágreinings um skilning á kjarasamningi aðila, hvað varðar matartíma á kvöldvakt, hafi jafnframt verið tekið fram í samkomulaginu að ágreiningur um lengd matartíma skuli fara fyrir Félagsdóm að ósk Flugleiða (þ.e. 30 mín. í stað 60 mín.). Ákveðið hafi verið að þetta fyrirkomulag skyldi gilda frá 17. júní til 28. júní 1996. Að þeim tíma loknum myndu aðilar endurskoða reynslu af kvöldvöktum og var síðan heimilt að framlengja samkomulagið frá 8. júlí 1996 til 2. ágúst 1996. Kvöldvaktir hafi síðan verið unnar í samræmi við það fyrirkomulag sem samkomulagið gerði ráð fyrir þann tíma eða frá 18.-20. júní og aftur frá 8. júlí – 2. ágúst.

Fyrirhugað hafi verið að hefja vinnu á kvöldvöktum að nýju þann 28. október sl. fram til 13. desember. Jafnframt sé fyrirhugað að setja samskonar vaktir á að nýju eftir áramót. Ástæða þess sé að hraða þurfi ársskoðun eigin flugvéla sem mest svo ekki þurfi að leigja erlendar vélar. Í þessu skyni hafi verið fastráðnir 16 flugvirkjar en ekki sé hægt að koma að nema ákveðnum fjölda starfsmanna samtímis við eina flugvél. Því sé þörf á að jafna starfsmannafjöldann yfir lengri tíma á vöktum.

Þegar hefja hafi átt vinnu á kvöldvöktum í október hafi stefndi borið fyrir sig að ágreiningur um lengd matartíma væri enn óleystur og félagsmönnum hans því óskýlt að hefja vinnu á kvöldvöktum. Til

Þess að vinna á kvöldvakt geti hafist með eðlilegum hætti sé stefnanda því nauðsyn að fá skorið úr ágreiningi þessum með dómi Félagsdóms.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi tjáir mál þetta höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Byggir hann kröfugerð sína á því, að samkvæmt kjarasamningi aðila sé ekki gert ráð fyrir neinum matartíma á kvöldvakt, sbr. kafla 03. Með samkomulagi aðila frá 13. júní 1996 hafi Flugleiðir hins vegar fallist á að matartími skuli vera 30 mínútur á tímabilinu 19:00-19:30. Engin önnur ákvæði sé að finna í kjarasamningi aðila um matartíma á kvöldvakt. Samkvæmt kjarasamningnum sé einungis gert ráð fyrir tveimur tíu mínútna kaffihléum. Þetta komi greinilega fram þegar litið sé til reglna samningsins varðandi tví- og þrískipta vakt, en tekið sé fram að matar- og kaffitímar á slíkum vöktum skuli teknir eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni og að matartími skuli vera einn en kaffihlé tvö. Þá eigi ákvæði kafla 04 í kjarasamningnum um matartíma í yfirvinnu ekki við. Yfirvinnureglum verði ekki beitt fyrir en að lokinni dag- eða vaktavinnu.

Þá séu aðstæður á kvöldvakt mjög ólíkar því sem er á 12 tíma tvískiptri vakt. Sú framkvæmd sem tíðkast hefur varðandi töku matartíma á slíkum vöktum verði því ekki lögð til grundvallar vinnufyrirkomulagi á kvöldvöktum. Hvorki kjarasamningur né aðrar réttarheimildir renni þannig stoðum undir þann skilning að félagsmenn stefnda eigi rétt á 60 mínútna matartíma á kvöldvakt.

Varðandi 2. kröfu sína byggir stefnandi á því að ákvæði gr. 03.-1., 03.-2. og 03.-4. í kjarasamningi aðila um kvöldvaktir séu í fullu gildi. Honum sé því heimilt að taka upp slíkar vaktir að fullnægðum þeim skilyrðum sem þar greinir.

Um málskostnað vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að í 1. lið í stefnukröfum sé átt við greiddan matartíma. Matartími hafi verið greiddur.

Jafnframt var því lýst yfir að í kröfugerð stefnanda felist krafa um sýknu af viðurkenningarkröfu stefnda.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að þrátt fyrir að hvergi sé tekið fram berum orðum í kjarasamningi að matartími skuli tekinn á kvöldvakt þá standist önnur tilhögun hvorki lög né meginreglur laga, þar sem ganga verði út frá því sem meginreglu að maður sem vinni 8 klst. fái a.m.k. einn matartíma. Önnur tilhögun sé einnig í hrópanði ósamræmi við ákvæði kjarasamnings aðila er fjalla um matartíma og þá framkvæmd sem tíðkast hafi.

Líkt og fram komi í stefnu hafi sú framkvæmd tíðkast að á 12 tíma tvískiptum vöktum hafi verið tekið 60 mínútna matarhlé, sem teljist til vinnutíma. Virðist á því byggt í stefnu að við styttri vaktir, t.d. 8 tíma vaktir, skuli ekki tekinn lengri en 30 mínútna matartími. Því er alfarið mótmælt þar sem hvorki kjarasamningur aðila né sú framkvæmd sem tíðkast hafi styðji þann skilning stefnanda.

Um vaktavinnu fari samkvæmt kafla 03.-0. Um matartíma í vaktavinnu sé m.a. fjallað í gr. 03.-7. og gr. 03.-8. Hvergi í kaflanum sé hins vegar fjallað um lengd matartíma. Hafi framkvæmdin hins vegar verið sú að í vaktavinnu hafi ávallt verið tekinn 60 mínútna matartími. Um 12 tíma tvískiptar vaktir er vísað til þess sem að framan segir og fram kemur í stefnu. Á þrískiptum vöktum skv. a) lið gr. 03.-5. hafi einnig verið tekinn 60 mínútna matartími. Hið sama eigi við um sveigjanlegan vinnutíma á vöktum samkvæmt gr. 03.-10., óháð því hvort unnið hafi verið 8 klst. eða meira, en unnið hafi verið eftir slíkum vöktum í seinni tíð. Hafi ávallt verið tekinn 60 mínútna matartími á slíkum vöktum, þrátt fyrir að ekkert sé tekið fram um lengd matartíma í gr. 03.-10. Megi einnig nefna að þegar 8 klst. vaktir tíðkuðust hér áður fyrr hafi ávallt verið tekinn 60 mínútna matartími. Með vísan til langvarandi framkvæmdar í þessum efnum megi því segja að fyrir því sé nú föst venja að tekinn sé 60 mínútna matartími þegar unnið er á vöktum.

Fari því um lengd matartíma á vöktum eftir meginreglu gr. 02.-2. um matartíma í dagvinnu, þar sem fram komi að matarhlé skuli vera 1 klst. og teljist sá matartími til vinnutímans. Séu engin rök til þess að ákvarða styttri matartíma þegar unnið er í vaktavinnu heldur en við dagvinnu. Þvert á móti verði að telja að ákveðin rök séu til þess að hafa matartíma í vaktavinnu ekki styttri heldur en í dagvinnu.

Viðurkenningarkröfu sína styður stefndi við kafla 03.-0. í kjar-

samningi aðila, aðallega gr. 03.-7. og 03.10. Þá vísar stefndi einnig til gr. 02.-2.

Krafa um málskostnað er studd við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, aðallega 129. og 130. gr.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum: Guðmundur Pálsson framkvæmdastjóri hjá Flugleiðum, Baldur Bragason deildarstjóri tæknideildar Flugleiða, Ragnar Kjærnested flugvirki, Björn Lúðvíksson flugvirki, Jakob S. Þorsteinsson, flugvirki, Theodór Brynjólfsson flugvirki og Hálf dán Hermannsson flugvirki.

Niðurstæða.

Ágreiningur máls þessa stendur um lengd matartíma á kvöldvakt. Ágreiningslaust er að félagsmönnum hins stefnda stéttarfélags ber réttur til matartíma á kvöldvakt.

Stefnandi krefst þess samkvæmt 1. kröfulið í stefnu „að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt ekki lengri en 30 mínútur“. Með hliðsjón af 3. tölulið í samkomulagi aðila frá 13. júní 1996 og máltilbúnaði stefnanda verður að skýra þessa kröfu stefnanda svo að þess sé krafist að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt 30 mínútur. Stefnandi hefur við flutning málsins skýrt kröfu sína svo að átt sé við greiddan matartíma, þ.e. matartími teljist til vinnutíma.

Stefndi byggir kröfu sína um að viðurkennt verði að samkvæmt kjarasamningi aðila sé matartími á kvöldvakt 60 mínútur, er teljist til vinnutíma, annars vegar á meginreglu greinar 02.-2. í kjarasamningi aðila um lengd matartíma í dagvinnu og hins vegar á venju sem hann telur að myndast hafi um lengd matartíma á vöktum.

Í kjarasamningi aðila er að finna heimildir til þess að láta vinna á vöktum. Er gert ráð fyrir að tilhögun vakta geti verið með fernum hætti, þ.e. tvískipt vakt, þrískipt vakt, vakt með sveigjanlegum vinnutíma og kvöldvakt. Um kvöldvakt segir svo í grein 03.-2. í kjarasamningi aðila: „Kvöldvakt er unnin á tímabilinu frá kl. 16:20 til kl. 24:00 sömu daga og dagvinna er unnin (mánudaga – föstudaga) og er hún 40 klst. á viku“.

Í kjarasamningnum er hvergi berum orðum tekið fram um mataratíma á kvöldvakt að undanskildum matartíma í yfirvinnu, sbr. niðurlagsákvæði greinar 03.-4. þar sem vísað er til reglna um yfirvinnu í grein 04.-4. Kjarasamningurinn hefur að geyma ákvæði um matartíma í dagvinnu og yfirvinnu, þ.á m. um lengd hans, sbr. grein

02.-2. og 04.-4. Þá er gert ráð fyrir matartíma á tví- og þrískiptum vöktum, sbr. 2. málsl. í grein 03.-7., en ekki er lengd hans tiltekin. Þá hefur verið upplýst að á vakt samkvæmt grein 03.-10. í kjarasamningnum var tekinn matartími þann tíma sem sú vaktskipan var framkvæmd.

Þar sem atvik eru svo vaxin samkvæmt framansögðu að óumdeilt er að félagsmönnum stefnda ber réttur til matartíma á kvöldvakt án þess að lengd hans sé tiltekin, ræðst það atriði af túlkun á kjarasamningnum. Til leiðbeiningar um lengd matartíma á kvöldvakt þykir nærtækast að horfa til þess hvernig því atriði er farið á öðrum vöktum.

Fram hefur komið í málinu að þrískiptar vaktir hafa ekki tíðkast. Við skýrslutökur þykir hafa verið leitt í ljós að matartími á tvískiptum vöktum (línuvöktum) sé 1 klst. Þá þykir nægilega sannað að jafnlangur matartími hafi tíðkast á vöktum samkvæmt grein 03.-10. í kjarasamningnum. Telja verður að venja sé fyrir 1 klst. matarhléi á vöktum. Rétt er að fram komi að matartími í dagvinnu er 1 klst. samkvæmt grein 02.-2. í kjarasamningnum og matartími í yfirvinnu var 1 klst. samkvæmt grein 04.-4. Þar til fyrri matartími í yfirvinnu var stytur í 1/2 klst. með 4. grein kjarasamnings aðila frá 1. ágúst 1995.

Þótt nokkur munur sé á lengd vinnutíma og verkefnum á fyrrgreindum vöktum og kvöldvakt, þykir það út af fyrir sig ekki útiloka, eins og stefnandi telur, að venjubundin lengd matartíma á þeim vöktum sé lögð til grundvallar við fyllingu kjarasamningsins um lengd matartíma á kvöldvakt, enda þykir stefnandi ekki hafa skotið neinum viðhlítandi stoðum undir kröfu sína um 30 mínútna matartíma á þeirri vakt.

Samkvæmt framansögðu er kröfu stefnanda samkvæmt 1. kröfulið í stefnu hafnað og gagnkrafa stefnda tekin til greina.

Samkvæmt 2. kröfulið í stefnu krefst stefnandi þess „að viðurkennt verði að heimilt sé að taka upp kvöldvaktir í samræmi við ákvæði kafla 03. í kjarasamningi aðila“. Samkvæmt grein 03.-1. í kjarasamningi aðila, sbr. og samkomulag aðila frá 8. ágúst 1991, hefur stefnandi óskilyrtan rétt til að taka upp kvöldvaktir. Með vísan til þess ber að taka kröfu stefnanda samkvæmt 2. kröfulið til greina.

Eftir framangreindum málsúrslitum þykir rétt að hvor málsaðili ber sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að samkvæmt kjarasamningi málsaðila sé matartími á kvöldvakt 60 mínútur og að matartíminn teljist til vinnutíma.

Viðurkennt er að Flugleiðum hf. sé heimilt að taka upp kvöldvaktir í samræmi við ákvæði kafla 03 í kjarasamningi aðila.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

S é r a t k v æ ð i
Ingibjargar Benediktsdóttur og
Valgeirs Pálssonar.

Við erum sammála því sem segir í upphafi niðurstöðukafla meiri hluta dómenda fram að málsgrein þeirri, sem hefst á eftirfarandi orðum: „Þar sem atvik eru svo vaxin. . .“

Fram er komið í málinu að kvöldvaktir þær sem um getur í grein 03.-4. kjarasamningsins hafa ekki verið unnar um árabíl og að þrískiptar vaktir samkvæmt grein 03.-5. hafa ekki tíðkast. Við skýrslutökur kom fram að matartími á tvískiptum vöktum, svokölluðum línuvöktum, sbr. grein 03.-7., er að jafnaði 1 klst. Þær vaktir eru 12 tíma langar og unnar allan sólarhringinn alla daga vikunnar. Á þeim vöktum er unnið við flugvélar í tengslum við komu og brottför. Samkvæmt grein 03.-7. skulu matartímar á tvískiptum vöktum teknir „eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni, svo að ekki verði tafir á eðlilegum og nauðsynlegum framgangi verka við afgreiðslu flugvélar.“ Mun þessi háttur vera hafður á í framkvæmd. Upplýst er í málinu að á tímabilinu febrúar til mars 1995 var tekinn upp til reynslu sveigjanlegur vinnutími á vöktum eftir grein 03.-10., svokallaðar vikingavaktir. Munu þær vaktir ekki hafa verið unnar í annan tíma. Vaktir þessar voru að jafnaði 10 til 12 klst. langar, þó aldrei skemmri en 8 klst.

Sökum þess hve skamman tíma vaktir með sveigjanlegum vinnutíma hafa verið unnar verður engin ályktun dregin af þeim um venju varðandi lengd matartíma á vöktum yfirleytt. Vinna sú, sem unnin er á tvískiptum vöktum er í eðli sínu ólík þeirri vinnu, sem fyrirhugað er að unnin verði á kvöldvöktum. Þá er vinnutími á tví-

skiptum vöktum enn fremur mun lengri en á kvöldvöktum. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á að matartími á kvöldvöktum skuli vera hinn sami og tíðkast á tvískiptum vöktum. Þegar litið er þess sem að framan greinir og þeirrar meginreglu að matartími telst almennt ekki hluti vinnutímans þykir rétt eins og málið er lagt fyrir að taka til greina kröfu stefnanda að matartími á kvöldvakt skuli vera 30 mínútur. Eftir þessum úrslitum er gagnkröfu stefnda hafnað.

Við erum sammála niðurstöðu meirihluta dómenda að því er varðar kröfu stefnanda í 2. tl. svo og niðurstöðu um málskostnað.
